



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: Enska 6. bekkur málabrautar haustönn 2020 – ENSK4BM12

Kennari: Sigurður Páll Guðbjartsson (sigurdurp@mr.is)

Markmið: Að nemendur

- geti lesið ýmiss konar fræðitexta á ensku
- geti lesið bókmenntir frá ýmsum tímum
- geti tjáð sig á ensku, munnlega og skriflega, um fræðileg efni og bókmenntir
- efli hlustunarskilning
- geti tjáð sig um dagleg málefni og þjálfist í því að tjá munnlega óhlutbundna hugsun, m.a. í tengslum við námsefni
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les og gert útdrætti úr lesnu efni.

Kennslugögn:

Lesið vandlega til orðskýringa:

- **Leskaflar:** Enskir leskaflar fyrir 6. bekk málabrautar (fjölrit MR): kaflar 1-8

Lesið efnislega:

- **Smásögur:** Enskar smásögur handa 6. bekk (fjölrit MR): A Rose for Emily, Hills Like White Elephants, Popular Mechanics, Counterparts, Bruns og Small Avalanches
- **Ljóðahefti:** bls. 1-28
- **Leikrit:** *Death of a Salesman* (Arthur Miller)
- **Skáldsaga:** Kjörbók að eigin vali (háð samþykki kennara)
- **Skrifleg og munnleg verkefni**

Námsmat:

Vorpróf: Skriflegt próf í 2 klst. (60% af einkunn) og munnlegt próf (40% af einkunn).

Námseinkunn: byggist á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum á námstíma og skiptist þannig í lok skólaárs:

Kjörbókarritgerð 15%; *Death of a Salesman* 15%; *Milkman* 15%; Orðaforðaæfingar 15%; Málsaga 10%; Fyrirlestur 10%; Ástundun 20%

ATH: Vegna þeirrar óvissu sem fylgir Covid-19 gæti námsmatið tekið breytingum

Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus eða án heimanáms verður honum vísað úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.